

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Umsögn send: nefnasvid@althingi.is

00.71 GHE, PS Garðabær 25. apríl 2017

Hollustuhætti og mengunarvarnir (EES-reglur, losun frá iðnaði og skráningarskylda), 376. mál.

Á fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þann 24. maí 2017 var lagt fram erindi Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dags. 11. apríl 2017 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (EES-reglur, losun frá iðnaði og skráningarskylda), 376. mál. <http://www.althingi.is/altext/146/s/0505.html>

Eftirfaraandi umsögn var gerð:

„Með lögleiðingu frumvarpsins í núverandi mynd mun gegnsæi málaflöksins minnka til muna, íbúum, umhverfi og stjórnvöldum í óhag. Með boðuðum breytingum færast verkefni í eina ríkisstofnun sem sinna á bæði eftirliti og allri stjórnsýslu. Þar með fjarlægist allt ákvarðanavald frá íbúum sveitarfélaganna. Heilbrigðisnefnd hefur af þessu þungar áhyggjur og telur þetta óásættanlegt. Nefndin hvetur þingnefndina til að láta fara fram ítarlega greiningu á áhrifum boðaðra breytinga áður en frumvarpið kemur til afgreiðslu.“

Til nánari skýringa skal tekið fram að það er afstaða heilbrigðisnefndar sem starfar í fjórum sveitarfélögum með hátt í 80 þúsund íbúa að umhverfisvöktun og eftirlit með atvinnustarfsemi skuli vera nærþjónustuverkefni.

Beinir heilbrigðisnefnd því til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og taka varfærin skref í breytingum sem færa umræðu, þátttöku og áhrif um mengunarvarnir og hollustuhætti frá íbúum. Í greinargerð er boðuð endurskoðun á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir fljótlega. Ekki verður annað séð en innleiða má tilskipun EES um losun frá iðnaði án allra þessara breytinga. Breytinga sem jafnvel geta verið andstæðar tilskipuninni án þess að fram komi rökstuðningur.

f.h. heilbrigðisnefndar.

Guðmundur H. Guðarsson

